



# Áveitan

7. tbl. 18. árgangur. Júlí 2024

## Reiðtúr Umf Þjótanda

Þriðju viku í júlí verður ungmennafélagsreiðtúr Umf Þjótanda. Nánari stað- og tímasetning verður auglýst síðar á samfélagsmiðlum félagsins en stefnan er sett á eitthvert góðviðriskvöld í þeirri viku.

Fararstjóri verður Harpa Magnúsdóttir.

Miðað er við að nóg sé að vera með einn hest og ætti ferðin að henta flestum.

Ungmennafélagið Þjótandi býður svo upp á grillaðar pylsur og svaladrykk í lok ferðar.

## Fjölskylduganga Umf Þjótanda

Í lok júlímánaðar ætlar Umf Þjótandi að standa fyrir fjölskyldugöngu líkt og gert var á síðasta ári við góðar undirtektir. Nánari stað- og tímasetning verður auglýst síðar á samfélagsmiðlum félagsins en sem fyrr stefnum við á gott veður.

Gangan ætti að henta öllum duglegum krökkum allt niður í 5-6 ára aldri og fullorðnum að sjálfsgöðu líka. Gott nesti skiptir höfuðmáli í skemmtilegri gönguferð og ekki má heldur gleyma vatnsbrúsa og sólarvörninni.

Fylgist með á samfélagsmiðlum Umf Þjótanda.  
Við hlökkum til að sjá ykkur.

## Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is  
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@gmail.com

845-9719  
865-5692

## Pistill sveitarstjóra



Kæru íbúar og aðrir lesendur  
Áveitunnar.

### Fjör í Flóa

Hátíðin fór fram dagana 31. maí-2. júní og tókst hún vel. Jóga var haldið í Þjósárverri seinnipart föstudags og svo skellti fólk sér í fjölskyldugöngu sem var vel sótt þrátt fyrir rigningu. Eftir göngu um land Súluholts og Kirkjuholt komu göngugarpar inn í hlýjuna í skemmuni hjá Gumma og Rúnari í Súluholti og bauð Flóahreppur upp á lifandi tónlist, kakó, kaffi og veitingar.

Fjölmenni sótti dagskrá í Þingborg á laugardeginum. Þar var markaður, kökubasar, vöfflu- og pylsusala, andlitsmálning, leiktæki, leikþættir, tónlistaratriði, málverkasýning, LEGO sýning,

kökuskreytingakeppni og kassabílarallý svo fátt eitt sé nefnt!

Opin hús voru haldin víðsvegar um sveitarfélagið og voru þau ágætlega sótt.



Menningarstyrkur Flóahrepps var veittur og tóku fulltrúar Íslenska bæjarins við menningarstyrk fyrir verkefni „Fuglarnir í mýrinni“ og fulltrúi frá Skógræktarfélagi

Villingaholtshrepps tók við styrk fyrir verkefnið „Uppbygging á skógræktarreitnum Skagási“.

<https://www.floahreppur.is/is/frettir/menningarstyrkur-2024>



Íþrótt- og afreksfólk Flóahrepps 2023 var verðlaunað en í ár hlaut Kolbrún Katla Jónsdóttir kraftlyfingarkona frá Lyngholti titillinn en hún hefur náð eftirtektarverðum árangri í íþróttinni.

Ákveðið var að veita sérstaka viðurkenningu fyrir óeigingjarnt starf í þágu íþrótt- og æskulýðsmála í sveitarfélaginu og hlaut Fanney Ólafsdóttir á Hurðarbaki þann heiður.

<https://floahreppur.is/is/frettir/ithrotta-og-afreksfolk-floahrepps-2023>

Á bakvið hátíð sem þessa liggja margar vinnustundir hjá þeim sem að undirbúningnum koma. Fulltrúar í íþrótt- æskulýðs- og menningarnefnd Flóahrepps eiga stórt hrós og þakklæti skilið fyrir óeigingjarna vinnu við að móta skemmtilega dagskrá fyrir okkur hin. Félagsmenn í ungmennafélaginu Þjótanda og kvenfélögunum vinna ómetanlegt starf fyrir samfélagið okkar og eru lykilaðilar í því að svona hátíð geti gengið upp og verið eins glæsileg og raun ber vitni. Íbúum og fyrirtækjum sem héldu opin hús er þakkað fyrir þátttökuna og að lokum þeim gestum sem lögðu leið sína á viðburði og í Flóahrepp til að taka þátt í dagskránni.

### **Vinnuskóli Flóahrepps og samfélagsverkefni Margar hendur**

Vinnuskóli Flóahrepps hóf störf 5. júní og eru verkstjórar í ár Sigurður Þór Emilsson og Þórunn Sturludóttir Schacht. Starfsmenn vinnuskólans eru nálægt 30. Það eru ýmis verkefni sem unglingarnir vinna að í sumar og má þar nefna fegrun umhverfisins við stofnanir og

fasteignir sveitarfélagsins, ruslatínsla, vinna í kirkjugörðum, störf á leikskólanum Krakkaborg, aðstoð á leikjanámskeiði og á reiðnámskeiðum og margt fleira. Krakkarnir sýna dugnað og metnað í verkefnum sínum og sjáum við strax árangur af þeirra störfum. Starfsemi vinnuskólans verður fram í lok júlí og verkstjórar starfa svo áfram við slátt og aðra umhirðu.

Flóahreppur sótti um í samfélagsverkefni Landsvirkjunar „Margar hendur“ og fékk umsóknina samþykkt. Í því verkefni koma ungmenni sem eru í sumarstörfum hjá Landvirkjun í fimm daga til starfa innan Flóahrepps og hafa þau m.a. tínt rusl meðfram þjóðvegi 1 og á opnum svæðum á iðnaðar- og athafnarsvæðinu í Heiðargerði, aðstoðað skógræktarfélag við verk í Skagási, grisjað og snyrt tré og margt fleira. Þau hafa staðið sig virkilega vel og frábært að auka hendur til að starfa við fegrun umhverfisins hjá okkur.

## **Hreinsunarátak í lok maí og endurgreiðsla Úrvinnslusjóðs fyrir 2023**

Sveitarfélagið stóð fyrir opnum dögum á gámasvæðinu okkar í Hrísmýri í lok maí. Íbúar nýttu vikuna vel og töluvert magn af ýmiskonar úrgangi skilaði sér inn á svæðið þessa daga. Íslenska gámafélagið tekur saman upplýsingar um magn og tegund úrgangs sem skilaði sér þessa viku og verður áhugavert að sjá þær upplýsingar.

Nú á dögnum barst lokauppgjör Úrvinnslusjóðs vegna ársins 2023 en sjóðurinn endurgreiðir sveitarfélögum fyrir ákveðna tegund úrgangs í formi úrvinnslugjalds. Samkvæmt loka skilagrein ársins 2023 þá fékk Flóahreppur 5,2 milljónir í formi úrvinnslugjalds á plast- og pappambúðum, málm og gleri.

Það munar mikið um þessa endurgreiðslu sem rennur beint inn í málaflokkinn. Með áframhaldandi góðum árangri íbúa og fyrirtækja í flokkun þá getum við saman hækkað þessa upphæð enn frekar sem á að skila sér í minni hækkunum á sorphirðugjöldum í sveitarfélaginu.

## **Hátíðarhöld á 17. júní**

17. júní var haldinn hátíðlegur í Flóahreppi að vanda og var dagskráin vegleg í ár af tilefni 80 ára afmæli Lýðveldisins. Íbúar og fyrirtæki

flögguðu íslenska fánanum víða í tilefni dagsins.

Sveitarstjóri Flóahrepps fór í heimsókn til íbúa sem búsettir eru í sveitarfélaginu sem verða 90 ára á árinu eða eru eldri en 90 ára. Fengu þau sumarblóm og glaðning, bókina *Fjallkonan, þú ert móðir vor kær* ásamt lýðveldiskökum sem bakaðar voru af tilefni stórafmælis lýðveldisins.

Í Einbúa var haldin hátíðar- og skemmtidagskrá þar sem Ungmennafélagið Þjótandi stóð fyrir fótboltakeppni, leikjum og þrautum fyrir allan aldur. Flutt

woru ávörp fjallkonu og nýstúdents en í ár var Þórunn Sturludóttir Schacht frá Fljótshólum fjallkona og Kristín Lilja Sigurjónsdóttir í Egilsstaðakoti flutti ávarp nýstúdents. Trúbadorinn Alexander Freyr Olgeirsson hélt uppi stemmningunni í fjöldasöng og gestir gæddu sér á kaffi og lýðsveldiskökum af tilefni 80 ára afmæli lýðveldisins. Dagurinn tókst vel og gleðin skein úr andlitum gesta. Góð mæting var í Einbúa og veðrið lék við hátíðargesti.

Íbúar og aðrir eru hvattir til að nýta sér þetta frábæra útivistarsvæði í



Einbúa en á dögnum var vegurinn að svæðinu lagfærður og er vel fær öllum bílum.

Undirbúningsnefnd 17. júní ásamt öllum þeim sem komu að undirbúningi, fegrun svæðisins og dagskránni á einn eða annan hátt eru færðar kærar



þakkir fyrir þeirra mikilvæga framlag.

<https://www.floahreppur.is/is/frettir/fra-17-juni-hatidarholdum>

### **Framkvæmdir í sumar**

Í sumar eru ýmsar verklegar framkvæmdir í gangi í sveitarfélaginu. Unnið er að breytingum innanhúss í Flóaskóla og er stefnt að því að þær klárast fyrir skólabyrjun. Einnig verður farið í palla fyrir útikennsluvæði við heimilisfræði- og smíðastofur og malbiksframkvæmdir við skóla og á planinu verða kláraðar. Unnið er að undirbúningi þess að koma upp varaafli og ljósleiðaratengingu á alla dæluskúra vatnsveitunnar til að auka afhendingaröryggi vatns. Einnig stefnt að því að fara í framkvæmdir við vatnslögn frá Merkurhrauni að Huldu- og Maríuhólum samhliða framkvæmdum í hverfinu. Málun innan- og utanhúss í fasteignum sveitarfélagsins, ýmis viðhaldsverkefni og margt fleira.

### **Sumarlokun skrifstofu**

Sumarlokun skrifstofu Flóahrepps í Þingborg verður eftirfarandi:

**15. júlí – 5. ágúst Skrifstofa lokuð vegna sumarleyfa.**

*Hefðbundin opnun skrifstofu verður frá og með þriðjudeginum 6. ágúst.*

**Vaktsími vatnsveitu Flóahrepps: 862-6848 – sótt er um nýtingingar á heimasíðu Flóahrepps**

**Vegna seyrulosunar og hreinsunar: [seyra@seyra.is](mailto:seyra@seyra.is) eða sími 480-5550**

**Íslenska Gámafélagið Hrísmýri á Selfossi: [igf@igf.is](mailto:igf@igf.is) eða sími 482-3371 (opið mánudaga-föstudaga kl. 13:00-17:00)**

*Klippikort/inneignarkort í sumar Þar sem skrifstofa Flóahrepps verður lokuð dagana 15. júlí – 5. ágúst þá verður hægt að nálgast klippikortið/inneignarkortið á gámasvæðinu í Hrísmýri á því tímabili. Nánari upplýsingar verða settar á heimasíðu Flóahrepps.*

### **Næsti fundur sveitarstjórnar:**

Næsti fundur sveitarstjórnar Flóahrepps verður þriðjudaginn 2. júlí kl. 16:00 Þingborg.

*Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri*

## Sumarferð Kvenfélags Villingaholtshrepps

Skemmtinefnd Kvf Villingaholtshrepps hefur skipulagt sumarferð þann 25. júlí næstkomandi. Að venju er þetta óvissuferð svo það kemur bara skemmtilega á óvart hvað við ætlum að gera. En þó megið þið vita að við ætlum að leggja af stað frá Þjórsárveri kl. 10.30 um morguninn og áætluð að koma heim aftur í kringum kl. 22.00.

Þið þurfið að borga eitthvað í ferðinni eins og venjulega.

Þær sem ætla að koma með láti vita á facebooksíðu kvenfélagsins í síðasta lagi 10. júlí.

Við í skemmtinefndinni hlökkum til að ferðast með ykkur.

**Fjör í Flóa** er vinafundur. Þar hittust nú í júní fermingarsystkinin frá Hraungerðiskirkju, 2. júní 1963.

Það eru þau Guðni Ágústsson frá Brúnastöðum, Ólöf Halldórsdóttir frá Hróarsholti og Bragi Antonsson frá Bollastöðum en Bragi hefur verið búsettur í Svíþjóð sl 55 ár.



Ungmennafélagið Þjótandi stóð fyrir fjölbreyttri dagskrá á Fjöri í Flóa í byrjun mánaðarins. Þrátt fyrir að veðrið hefði mátt vera aðeins betra þá tókst hátíðin ljómandi vel og margt hægt að gera sér til skemmtunar.



Ein af fjáröflunarleiðum UMF Þjótanda er pylsusala á Fjöri í Flóa. Voru það öflug ungmenni sem stóðu grillvaktina og seldu pylsur, drykki, súkkulaði og Candyfloss.

Að venju var einnig boðið upp á andlitsmálun. Sem fyrr þá var það unga fólkíð í UMF Þjótanda sem stóð vaktina af stakri þryði og skreyttu andlit barna snilldarlega.

Hefð hefur skapast fyrir kökuskreytingakeppni á Fjör í Flóa og var keppnin í ár einkar glæsileg. 16 kökur kepptu til úrslita og kom það í hlut dómnefndar að skera úr um hvaða kökur fengu verðlaun.

Í dómnefnd voru þau Árni Geir Hilmarsson, Sólveig Þórðardóttir og Aldís Þórunn Bjarnardóttir. Úrslit urðu eftirfarandi:

1. sæti Raket Ýr Sigmarsdóttir og Íris Harpa Kristinsdóttir
2. sæti Björgvin Guðni, Kristín María og Ásdís Una Sigurðarbörn
3. - 4. sæti Lúkas Páll Guðjónsson og Nikulás Tumi Ragnarsson.
3. - 4. sæti Gísli Brynjar og Marín Bára Ágústsbörn og Guðrún Sif Ársælsdóttir

Þökkum við bæði keppendum og dómnefnd fyrir vel unnin störf og skemmtilega keppni.



Í ár var bryddað upp á nýjung og keppt í kassabílarallý á Fjöri í Flóa. Var hafður sá háttur á að tveir keppendur voru saman í liði og keyrðu stutta þrautabraut á tíma. Keppt var um fljótasta bílinn og einnig voru veitt verðlaun fyrir bestu hönnun á kassabíl.


Úrslit í þrautabraut urðu eftirfarandi:

1. sæti 1:09,99 Helgi Reynisson og Smári Kristinn Jónsson
2. sæti 1:11,29 Nikulás Tumi Ragnarsson og Þórarinn Óskar Ingvarsson
3. sæti 1:12,21 Baldur Ragnar Ragnarsson og Ottó Ingi Annýjarson

Verðlaun fyrir bestu hönnun á kassabíl fengu þeir Nikulás Tumi Ragnarsson og Þórarinn Óskar Ingvarsson.

Stjórn Umf Þjótanda vill þakka öllum keppendum fyrir fjöruga og skemmtilega keppni. Einnig viljum við þakka öllum þeim sem unnu fyrir félagið eða aðstoðuðu á einn eða annan hátt kærlega fyrir.

Hér á eftir koma svo nokkrar myndir frá deginum.







## Þjótandaæfingar í sumar

Umf Þjótandi verður með æfingar í sumar fyrir krakka sem voru að ljúka 1. - 6. bekk.



Æfingarnar verða á miðvikudögum milli kl 20 og 21, á íþróttavellinum við Þjósárver.

Þjálfarar eru þær Guðmunda Bríet Steindórsdóttir og Hanna Dóra Höskuldsdóttir.

**ATH að æfing fellur niður miðvikudaginn 3. júlí !!!**

Einnig verða leikjakvöld fyrir nemendur sem voru að ljúka 7. bekk og eldri á fimmtudagskvöldum milli kl 20 og 22. Staðsetning er auglýst á facebook síðu félagsins hvert sinn.

Stjórnin

Tökum að okkur rúllun og slátt, ásamt því að snúa og raka saman.

Tökum einnig að okkur áburðardreifingu.

Vinsamlegast hafið samband við þið viljið nýta ykkur þessa þjónustu.

Hestafl verktakar  
Victor Örn s: 789-7675





Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið í Borgarnesi um verslunarmannahelgina. Öll ungmenni á aldrinum 11—18 ára geta skráð sig til leiks.

Kept verður í fjölbreyttum íþróttagreinum á daginn og boðið upp á tónleika og skemmtidagskrá á kvöldin.

Frábært hátíð fyrir alla fjölskylduna.

Nánari upplýsingar og skráningarform er að finna á [www.ulm.is](http://www.ulm.is)

## Frá Villingaholtskirkju

Messa verður í Villingaholtskirkju sunnudaginn 7. júlí kl. 14.00.

Prestur sr Guðbjörg

Arnardóttir

og organisti

Guðmundur

Eiríksson.

Mætum nú vel í sumarmessuna í sveitinni okkar fögru.



# Héraðsleikar HSK

## 11.júní 2024 Selfossvelli

### 60m hlaup piltar 8 ára og yngri

1.sæti	10,68 sek	Kristján Þórarinn Andrason
3.sæti	11,61 sek	Haraldur Ólafarson
6.sæti	13,31 sek	Emmanúel Sveinn Víkingsson
13.sæti	15,42 sek	Birnir Þór Hlíðdal

### 400m hlaup piltar 8 ára og yngri

1.sæti	1:32,19 mín	Kristján Þórarinn Andrason PB
2.sæti	1:41,22 mín	Haraldur Ólafarson
4.sæti	1:48,27 mín	Emmanúel Sveinn Víkingsson

### Langstökk piltar 8 ára og yngri

1.sæti	3,14 m	Kristján Þórarinn Andrason PB
2.sæti	2,62 m	Haraldur Ólafarson PB
11.sæti	1,48 m	Emmanúel Sveinn Víkingsson
12.sæti	1,44 m	Birnir Þór Hlíðdal

### Kúlvarp 2 kg piltar 8 ára og yngri

1.sæti	5,24 m	Kristján Þórarinn Andrason PB
2.sæti	4,53 m	Haraldur Ólafarson PB
7.sæti	2,48 m	Emmanúel Sveinn Víkingsson

### 60m hlaup piltar 9 ára

2.sæti	10,70 sek	Þorkell Ólafur Þórbergsson
3.sæti	10,90 sek	Héðinn Fannar Höskuldsson
4.sæti	11,04 sek	Kolbeinn Sturluson Schacht
6.sæti	11,48 sek	Einar Hörður Haraldsson PB
9.sæti	12,31 sek	Sölvi Þór Magnússon

### 400m hlaup piltar 9 ára

2.sæti	1:34,69 mín	Þorkell Ólafur Þórbergsson
3.sæti	1:39,42 mín	Kolbeinn Sturluson Schacht
5.sæti	1:45,86 mín	Héðinn Fannar Höskuldsson
8.sæti	1:53,86 mín	Einar Hörður Haraldsson
9.sæti	1:54,15 mín	Sölvi Þór Magnússon

### Langstökk piltar 9 ára

2.sæti	3,10 m	Þorkell Ólafur Þórbergsson
--------	--------	----------------------------

3.sæti	3,04 m
5.sæti	2,86 m
7.sæti	2,69 m
8.sæti	2,52 m

Héðinn Fannar Höskuldsson  
Kolbeinn Sturluson Schacht  
Sölvi Þór Magnússon  
Einar Hörður Haraldsson

### **Kúluvarp 2 kg 9 ára**

2.sæti	5,68 m
3.sæti	5,41 m
4.sæti	5,40 m
5.sæti	5,19 m
6.sæti	4,97 m

Einar Hörður Haraldsson PB  
Þorkell Ólafur Þórbergsson  
Kolbeinn Sturluson Schacht  
Héðinn Fannar Höskuldsson  
Sölvi Þór Magnússon

### **60m hlaup piltar 10 ára**

1.sæti	9,95 sek
3.sæti	10,36 sek
4.sæti	10,99 sek
5.sæti	11,01 sek

Arnar Alex Reynisson PB  
Páll Axel Axelsson PB  
Nikulás Tumi Ragnarsson PB  
Steinn Þorri Víctorsson PB

### **400m hlaup piltar 10 ára**

1.sæti	1:30,68 mín
2.sæti	1:33,40 mín
3.sæti	1:36,65 mín
4.sæti	1:36,88 mín

Arnar Alex Reynisson PB  
Páll Axel Axelsson  
Steinn Þorri Víctorsson PB  
Nikulás Tumi Ragnarsson PB

### **Hástökk piltar 10 ára**

1.sæti	1,20 m
2.sæti	1,05 m
3.sæti	1,00 m
4.sæti	0,90 m

Arnar Alex Reynisson  
Nikulás Tumi Ragnarsson  
Páll Axel Axelsson  
Steinn Þorri Víctorsson

### **Langstökk piltar 10 ára**

2.sæti	3,63 m
3.sæti	3,04 m
4.sæti	2,95 m
5.sæti	2,75 m

Arnar Alex Reynisson PB  
Steinn Þorri Víctorsson PB  
Nikulás Tumi Ragnarsson PB  
Páll Axel Axelsson PB

### **Kúlvarp 2 kg 10 ára**

1.sæti	7,58 m
2.sæti	7,41 m
3.sæti	7,24 m
4.sæti	6,15 m

Páll Axel Axelsson PB  
Nikulás Tumi Ragnarsson PB  
Arnar Alex Reynisson PB  
Steinn Þorri Víctorsson PB

### **60m hlaup stúlkur 8 ára og yngri**

3.sæti 13,19 sek Inga Lilja Haraldsdóttir

### **400m hlaup stúlkur 8 ára og yngri**

4.sæti 1:52,71 mín Inga Lilja Haraldsdóttir

### **Kúlvarp 2 kg stúlkur 8 ára og yngri**

4.sæti 2,20 m Inga Lilja Haraldsdóttir

### **60m hlaup stúlkur 9.ára**

3.sæti 11,09 sek Lilja Reynisdóttir PB  
4.sæti 11,95 sek Brynhildur Katrín Franzdóttir  
5.sæti 12,73 sek Raket Ýr Sigmarsdóttir  
6.sæti 13,07 sek Greta Sóley Ingvarsdóttir

### **400m hlaup stúlkur 9.ára**

3.sæti 1:39,26 mín Lilja Reynisdóttir PB  
4.sæti 1:47,03 mín Brynhildur Katrín Franzdóttir  
5.sæti 1:54,67 mín Raket Ýr Sigmarsdóttir  
6.sæti 2:08,53 mín Greta Sóley IngvarsdóttirPB

### **Langstökk stúlkur 9.ára**

2.sæti 2,97 m Lilja Reynisdóttir PB  
4.sæti 2,47 m Brynhildur Katrín Franzdóttir  
5.sæti 2,40 m Greta Sóley Ingvarsdóttir  
6.sæti 1,92 m Raket Ýr Sigmarsdóttir

### **Kúlvarp 2 kg stúlkur 9.ára**

2.sæti 4,44 m Lilja Reynisdóttir PB  
3.sæti 4,09 m Raket Ýr Sigmarsdóttir  
4.sæti 3,87 m Greta Sóley Ingvarsdóttir  
5.sæti 3,78 m Brynhildur Katrín Franzdóttir

### **60m hlaup stúlkur 10.ára**

1.sæti 10,69 sek Valgerður Björk Hlíðdal PB  
2.sæti 11,23 sek Ragnhildur Sara Andradóttir PB

### **400m hlaup stúlkur 10 ára**

1.sæti 1:26,64 mín Valgerður Björk Hlíðdal  
2.sæti 1:36,88 mín Ragnhildur Sara Andradóttir PB



### **Hástökk stúlkur 10 ára**

1.sæti 1,00 m

2.sæti 0,80 m

Valgerður Björk Hlíðdal

Ragnhildur Sara Andradóttir

### **Langstökk stúlkur 10 ára**

1.sæti 2,95 m

3.sæti 2,71 m

Valgerður Björk Hlíðdal PB

Ragnhildur Sara Andradóttir

### **Kúlvarp 2 kg stúlkur 10 ára**

1.sæti 5,01 m

2.sæti 4,61 m

Valgerður Björk Hlíðdal PB

Ragnhildur Sara Andradóttir PB



**Hressir keppendur Umf Þjótanda á Héraðsleikunum í júní 2024**

## **Aldursflokkarmót HSK 11.júní 2024 Selfossvelli**

### **60m hlaup piltar 12 ára**

4.sæti 10,12 sek

6.sæti 10,30 sek

Kristján Reynisson PB

Ottó Ingi Annýjarsón PB

### **600m hlaup piltar 12 ára**

2.sæti 2:11,15 mín

Kristján Reynisson PB

### **60m grind piltar 12 ára**

3.sæti 13,96 sek

4.sæti 14,33 sek

Kristján Reynisson

Ottó Ingi Annýjarsón

### **Hástökk piltar 12 ára**

3.sæti 1,20 m

6.sæti 1,05 m

Kristján Reynisson PB

Ottó Ingi Annýjarson PB

### **Langstökk piltar 12 ára**

1.sæti 4,00 m

5.sæti 3,38 m

Kristján Reynisson PB

Ottó Ingi Annýjarson PB

### **Kúlvarp 3 kg piltar 12 ára**

1.sæti 7,30 m

2.sæti 7,21 m

Baldur Ragnar Ragnarsson

Kristján Reynisson

### **Spiótkast 400gr piltar 12 ára**

5.sæti 16,40 m

7.sæti 12,60 m

8.sæti 11,92 m

Kristján Reynisson PB

Ottó Ingi Annýjarson

Baldur Ragnar Ragnarsson

### **100m hlaup piltar 14 ára**

1.sæti 13,91 sek

2.sæti 15,04 sek

Már Óskar Bjarnason

Styrkár Freyr Birgisson

### **Langstökk piltar 14 ára**

1.sæti 4,55 m

2.sæti 3,68 m

Már Óskar Bjarnason PB

Styrkár Freyr Birgisson

### **Spiótkast piltar 14 ára**

1.sæti 21,48 m

Styrkár Freyr Birgisson

### **Langstökk stúlkur 11 ára**

1.sæti 2,72 m

Matthilda Sigurðardóttir PB

### **60m hlaup stúlkur 12 ára**

2.sæti 9,41 sek

Lilja María Axelsdóttir

### **600m hlaup stúlkur 12 ára**

3.sæti 2:20,65 mín

Lilja María Axelsdóttir PB

### **60m grind stúlkur 12 ára**

4.sæti 15,16 sek

Lilja María Axelsdóttir

### **Hástökk stúlkur 12 ára**

2.sæti 1,15 m

Lilja María Axelsdóttir

### Langstökk stúlkur 12 ára

1.sæti 3,60 m

Lilja María Axelsdóttir

4.sæti 2,86 m

Guðbjörg Eira Annýjardóttir PB

### Kúlvarp 2 kg stúlkur 12 ára

4.sæti 6,38 m

Lilja María Axelsdóttir PB

### Spjótkast 400gr stúlkur 12 ára

4.sæti 16,02 m

Lilja María Axelsdóttir PB



Hluti af keppendum Umf Þjótanda á Aldursflokkamóti HSK júní 2024

## Meistarmót Íslands 15-22 ára 21. júní 2024 Selfossvelli

Þjótandi átti einn keppenda á mótinu.

### Helgi Reynisson

15.sæti 13,35 sek

100 m hlaup **pb.**

5.sæti 19,01 sek

110 m grind **pb.**

3.sæti 1:09,17 mín

400 m grind **pb**

5.sæti 1,62 m

Hástökk **pb**

3.sæti 2,60 m

Stangarstökk

7.sæti 5,19 m

Langstökk

3.sæti 11,75 m

Þrístökk

5.sæti 31,10 m

Spjótkast 700 gr **pb**

5.sæti 9,93 m

Kúlvarp 5 kg **pb**

## Dagskrá mánaðarins:

Fundur sveitarstjórnar	2. júlí
<b>ATH sumaræfing yngri fellur niður</b>	<b>3. júlí</b>
Leikjakvöld eldri	4. júlí
Sumarmessa í Villingaholtskirkju	7. júlí
Sumaræfing yngri	10. júlí
Leikjakvöld eldri	11. júlí
Reiðtúr Umf Þjótanda	
Sumaræfing yngri	18. júlí
Leikjakvöld eldri	19. júlí
Sumaræfing yngri	25. júlí
Sumarferð Kvenfélags Villingaholtshrepps	25. júlí
Leikjakvöld eldri	26. júlí
Fjölskylduganga Umf Þjótanda	
Sumarlokun á skrifstofu Flóahrepps	15. júlí - 5. ágúst
Unglingalandsmót UMFÍ	1. - 4. ágúst



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG  
Flóahrepps

velliðan fyrir alla